

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 26. mars 2025:

Fulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Framsókn beinir því til umhverfis- og skipulagsráðs að hefja skipulagningu, í samstarfi við vegagerðina, um undirgöng við gatnamót Sæmundargötu og Hringbrautar. Undirgöng á þessum stað myndi leysa ákveðinn flæðisvanda gangandi og hjólandi vegfarenda og tryggja öryggi þeirra til muna, jafnframt myndi það koma í veg fyrir að bætt tenging frá háskólanum í miðbæinn myndi bitna á flæði bílaumferðar inn í vestubæ Reykjavíkur og Seltjarnarnes.

Greinargerð fylgir tillögunni:

Stúdentaráð hefur kallað eftir bættum samgöngum við þessi gatnamót þar sem mikill fjöldi nemenda stytir sér leið yfir hringbraut á þessum stað. Með þessari tillögu er verið að koma til móts við þær óskir en um leið auka öryggi ennfremur án þess að það bitni á flæði umferðar.